



Það hægir á hækkun launavísitölunnar - kaupmáttur enn nokkuð stöðugur

Minnsta ársþækkun frá 2011

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hækkaði launavísitalan um 0,3% milli júní og júlí. Breytingin á ársgrundvelli var 4,2% sem er minnsta ársþækkun frá 2011.

Hækkun launavísitölunnar vegna kjarasamninganna frá í vor er töluvert minni en verið hefur vegna sammingsbundinna hækkana síðustu ár. Enn sem komið er virðist markmiðið um hækkun lægstu launa hafi tekist. Þess eru allavega fá merki að almennt launaskrið sé í gangi að nokkru marki.

Viðræður vegna kjarasamninga flestra hópa á opinbera markaðnum hafa staðið yfir frá því í vor. Því hefur ekki verið um neinar launabreytingar að ræða þar á síðustu mánuðum.


Kaupmáttur enn á leið upp á við

Þrátt fyrir að töluvert hafi dregið úr hækkunum launa hefur kaupmáttur launa verið stöðugur undanfarna mánuði, og jókst frekar eftir að samningarnir voru gerðir. Kaupmáttur í júlí var 2,2% meiri en á sama tíma í fyrra. Frá áramótum 2014/2015 hefur kaupmáttur launavísitölu aukist um rúm 25%, eða u.þ.b. 6% á ári.

Til lengri tíma litið hefur kaupmáttur launa, eins og hann mælist með launavísitölu, aldrei verið meiri. Kaupmáttaraukningin var mikil og stöðug allt frá árinu 2010 fram á árið 2018, en breytingar hafa verið minni síðustu mánuði. Þróunin er þó enn upp á við.


Næstu sammingsbundnu launabreytingar á almenna markaðnum verða ekki fyrr en í apríl á næsta ári og því má búast við að kaupmáttur láti eitthvað undan síga fram að því nema launaskrið verði því meira. Þá er þess að vænta að nýir kjarasamningar á opinbera markaðnum verði gerðir á næstu vikum og munu áhrif þeirra lyfta launavísitölunni upp á við.

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Laun stóru hópanna

Tölur frá Hagstofunni um nánari samsetningu launavísitölunnar koma seinna en vísitalan sjálf. Þannig hefur launavísitalan fyrir júlí 2019 verið birt en samsetningin nær bara til maí 2019. Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á vinnumarkaði á einu ári, frá maí 2018 til maí 2019, má sjá að launahækkunir á almenna markaðnum voru minni en á þeim opinbera þrátt fyrir að áhrifa kjarasamninganna á almenna markaðnum, sem voru gerðir í byrjun apríl, ætti að vera farið að gæta í þessum tölum.

Launahækkunir starfsstétta

Breyting launa eftir starfsstéttum á einu ári frá maí 2018 til sama mánaðar 2019 var mest hjá verkafólki, 6,6%. Launavísitalan fyrir heildina hækkaði um 5,1% á þessum tíma og því virðist sem markmið kjarasamninganna um að hækka lægstu launin mest hafi gengið eftir. Laun sérfræðinga og stjórnenda hækkuðu áberandi minnst á þessu tímabili, eða undir 3%, sem er langt fyrir neðan hækkun launavísitölu.


Laun innan atvinnugreina

Sé litið til atvinnugreina hækkuðu laun mest í flutningum og geymslustarfsemi milli maí 2018 og 2019, um 6,2%. Sú breyting er vel fyrir ofan hækkun launavísitölunnar. Næstmesta hækkunin var í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Laun í fjármála- og váttryggingarstarfsemi hækkuðu langminnst á þessu tímabili, enda voru kjarasamningar þar gerðir seinna en annars staðar á almenna markaðnum.

Laun í ferðaþjónustu


Hagstofan hóf birtingu launavísitölu fyrir rekstur gististaða og veitingarekstur í byrjun ársins 2019. Launavísitalan fyrir allan vinnumarkaðinn hækkaði um 2,6% frá desember 2018 fram í maí 2019. Á sama tíma hækkaði launavísitalan fyrir rekstur gististaða og veitingarekstur um 6,1%. Þetta var mesta hækkun vísitölunnar sem mældist á þessum tíma, næst hæsta gildið var fyrir starfsstéttina þjón-, sölu- og afgreiðslufólk, sem hækkaði um 5,8%, og verkafólk, sem hækkaði um 5,2%. Þessar miklu launabreytingar í rekstri gististaða og veitingarekstri í kjölfar kjarasamninganna eru

Launahækkun einstakra hópa maí 2018 - maí 2019




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun starfsstétta maí 2017 - maí 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun í atvinnugreinum maí 2018 - maí 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




vísbending um að meðallaun í greininni séu með allra lægsta móti.

Útlit fyrir að markmið samninganna haldi

Nú hefur kjarasamningum verið lokað fyrir nær allan almenna markaðinn, en nær allur opinberi markaðurinn er enn með lausa samninga. Svo virðist sem þær áherslur sem settar voru fram með lífskjarasamningnum svokallaða frá 3. apríl hafi náð fótfestu á öllum almenna markaðnum.

Viðræður hafa staðið yfir á opinbera markaðnum frá því að sumarleyfum lauk. Ekki hafa heyrst miklar fréttir um árangur. Frá sumum hópum heyrðist fyrir í sumar að ekki væri mikill áhugi á að nota krónutölusamningana frá almenna markaðnum sem fyrirmynd.

Launavísitala 2019



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.